



Borgarráð

Fjárborg í Almanndal - heimild til útgáfu lóðarleigusamninga

Óskað er eftir að borgarráð samþykki að segja upp leigusamningi Reykjavíkurborgar við Fjáreigendafélag Reykjavíkur kt. 480870-0349, Dalseli 31, 109 Reykjavík, dags. 20. október 1970 á 5000 fermetra svæði og heimili að gefnir verði út lóðarleigusamningar við einstaka eigendur hesthúsa innan sama svæðis til 50 ára þegar leigusamningurinn rennur út þann 20. október 2020.

Greinargerð: Reykjavíkurborg gerði leigusamning við Fjáreigandafélag Reykjavíkur þann 20. október 1970. Gildistími leigusamningsins til 2ja ára í senn og framlengdist hann sjálfkrafa um tvö ár í senn væri honum ekki sagt upp með 6 mánaða fyrirvara. Leigusamningurinn er enn í gildi og honum hefur ekki verið sagt upp. Viðauki var gerður við leigusamninginn þann 13. júní 1990 þar sem m.a. var heimilað var að hafa hross í byggingum á hinu leigða landi en eldri leigusamningurinn hélt gildi sínu um tímalengd og uppsagnarfrest. Samkvæmt leigusamningnum frá 1970 er ekki greidd lóðarleiga. Nú standa hesthús í flestum tilvikum á hinu afmörkuðu lóðum og er heimilt með samþykki borgarráðs að gera lóðaleigusamninga um einstaka afmarkaðar hesthúsalóðir innan heildarlóðarinnar.

Ákveða þarf tímalengd fyrirhugaðra lóðarleigusamningsins en borgarráð hefur ákveðið tímalengd lóðarleigusamninga fyrir hesthúsabyggð í Víðidal til 25 ára (A, B og C traðir), sbr. ákvörðun borgarráðs frá 11. júní 2011. Ákvörðun borgarráðs nú er ekki bundin af gildistíma aðalskipulags sem gildir til ársins 2030 þar sem almennt eru gefnir út lóðaleigusamningar til 50 ára þegar um atvinnulóðir er að ræða og til 75 ára þegar um íbúðarhúsalóðir er að ræða. Þegar hafa verið gefnir út lóðaleigusamningar til 50 ára í Almanndal sem liggur að Fjárborgarsvæðinu. Lóðaleigusamningar verða með uppkaupsákvæðum í þeim tilvikum þegar greidd hafa verið gatnagerðargjöld af hesthúsunum og að greidd verði lóðarleiga í öllum tilfellum.

Helga Björg Ragnarsdóttir

Hjálagt:

Samningur um land fyrir Fjáreigendafélag Reykjavíkur dags. 20. október 1970.

Viðauki við samning um land fyrir Fjáreigendafélag Reykjavíkur dags. 13. júní 1990.

Deiliskipulagsbreyting samþykkt í skipulagsráði dags. 7. nóv. 2008 sem birt er í skipulagssjá Skipulagsstofnunar.

Samningur um land fyrir Fjáreigendafélag Reykjavíkur.

Borgarsjóður Reykjavíkur og Fjáreigendafélag Reykjavíkur gera með sér svofelldan samning:

1. Borgarsjóður selur Fjáreigendafélagi Reykjavíkur á leigu land í Hólmsheiði, ca. 5 - fimm ha., að stærð skv. nánari útvísun og hjálagt kort borgarverkfræðings.
2. Landið er ætlað fyrir starfsemi félagsins, en félaginu er þó óheimilt að ráðstafa landi til annarra, en sem sauðfjárrækt stunda. Hámarks fjöldi sauðfjár, sem heimilaður er á svæðinu er 1000 - eitt þúsund -
3. Félagið skal gera uppdrátt að skipulagi landsins og skal sá uppdráttur samþykktur af skipulagsnefnd og borgarráði.
4. Leita skal samþykkis byggingafulltrúa fyrir öllum byggingum á landinu áður en þær eru reistar og skal hlíta fyrirælum hans um staðsetningu og tilhögun þeirra. Hámarksstærð hvers fjárhúss er 100m². Algerlega óheimilt er að nota húsin til annarra þarfa en snertir starfsemi félagsins.
5. Fjáreigendafélagið mun annast og kosta allar framkvæmdir á svæðinu, s.s. girðingar, vegalagningu, vatnslagningu o.s.frv., svo og viðhald allt, að öðru leyti en því, að borgarsjóður mun greiða allt að kr. 300 þús. og uppsetta vatnsdælu. Leigutaki annast allan rekstur.
6. Borgarsjóður áskilur sér rétt til frekari kvaða á landinu, s.s. umferð og nauðsynlegar framkvæmdir á vegum borgarfyrirtækja.
7. Snyrtilæg umgengni er áskilin og er leigusala heimilt að láta fjarlægja á kostnað félagsmanna allt rusl og annað, sem er til óþrífnaðar.
8. Leigutími er til 1. september 1985, framlengist samningur þessi um tvö ár í senn, ef honum er ekki sagt upp með 6 - sex mánaða fyrirvara. Leigugjald greiðist ekki.
9. Með undirritun þessa samnings fellur fjáreigendafélagið frá öllum kröfum sínum vegna fyrri samningsgerðar um leiguland í Hólmsheiði, svo og vegna annarra viðskipta þessara aðila.
10. Þrjúti leigutaki atriði samnings þessa verulega t.d. ef hann heldur ekki girðingunni við á fullægjandi hátt, ráðstafar landinu til annarra en í 2. gr. getur, notar byggingar eða landið á annan hátt en að framan getur, er heimilt að rifta samningi þessum þegar í stað.
11. Að leigutíma loknum skal fjarlægja öll mannvirki af landinu á kostnað eigenda og bóta laust af hálfu borgarsjóðs.

Reykjavík, 20. október 1970

Geirfallgrímsson

Viðauki við samning um land fyrir Fjáreigendafélag Reykjavíkur.

Borgarverkfræðingurinn í Reykjavík, f.h. borgarsjóðs Reykjavíkur, annars vegar og Fjáreigendafélag Reykjavíkur hins vegar gera með sér svofellt

S A M K O M U L A G :

Báðum aðilum samkomulags þessa er ljóst, að fyrirhuguð er gerð deiliskipulags, sem m.a. taki til þess lands í Hólmsheiði (Fjárborgar), sem Fjáreigendafélag Reykjavíkur hefur haft á leigu samkv. samningi, dags. 20. október 1970. Stefnt er að endurskoðun ofangreinds samnings áður en til endanlegs samþykkis hins nýja skipulags kemur. Að svo stöddu eru samningsaðilar ásáttir um að samningur þeirra frá 20. október 1970 gildi áfram fyrst um sinn með eftirtöldum breytingum:

2. gr. orðist svo:

Landið er ætlað fyrir starfsemi félagsins og er félaginu og einstökum félagsmönnum, sem fá eða hafa fengið til þess leyfi félagsins, heimilt að vera þar með sauðfé og/eða hross. Leyfi til sauðfjárræktar skulu þó bundin við þá einstaklinga, sem nú eru með sauðfé á svæðinu, og skal samanlagður fjöldi sauðfjár á landinu aldrei meiri en 400.

Fjöldi hrossa í Fjárborg má aldrei vera meiri en rúmast í hesthúsum á landinu.

4. gr. orðist svo:

Leita skal samþykkis byggingarnefndar Reykjavíkur fyrir öllum nýbyggingum eða breytingum húsa á landinu áður en framkvæmdir við þar hefjast. Byggingar skulu vera í samræmi við tillögu að skipulagi Fjárborgar, dags. í júní 1988, sem samþykkt var í skipulagsnefnd Reykjavíkur hinn 11. júlí 1988. Óheimilt er að nota húsin til annarra þarfa en snertir starfsemi félagsins.

Fjáreigendafélagi Reykjavíkur skal heimilt að setja upp til bráðabirgða og á sinn kostnað hestagerði í samræmi við skipulagstilöguna, sem greinir í 1. mgr.


Samkomulag þetta er í samræmi við samþykkt borgarráðs Reykjavíkur hinn 4. apríl 1989.

Reykjavík, 13. júní ¹⁹⁹⁰ ~~1989~~.

F.h. borgarverkfræðingsins
í Reykjavík:



Agneta Jónsson,
skrifst. stj. borgarverkfr.

F.h. Fjáreigendafélags
Reykjavíkur:


Hjalti Hjaltason,
formaður.

Vottar:


Landm. Höskuldsetur Ltd
#1153-3977



AÐALSKIPULAGI REYKJAVÍKUR 2001 - 2024

SKYRIRINGAR

- MÖRK DELISKIPULAGS
- LOGAMÖRK
- BYGGINGAREITUR, BENDANDI
- BYGGINGAREITUR, AFMARKA
- LAGUSTEINA
- LOGARSTEIÐ
- GANGSTÍGUR
- REIÐSTÍGUR
- MOÐULEG REDLID
- AKTURSVEGUR
- KVÖÐ UM VASTUSMÖGULEIÐA
- FTRIR-UGAÐUR DRÖÐUR
- HESTAGEIÐI
- NÚVERANDI BYGGINGAR
- VATNSLOOH STÍGVEÐ
- BLÁ- OG KERRUSTEÐI
- KVÖÐ UM BLÁSTEÐI
- GAÐAR

SLAÐARFRAMTÍÐEFTYR GJAFI OG HÁRDEIÐ

MÖRK DELISKIPULAGSBRETTINGAR

DELISKIPULAGSBRETTING PÉÐI: BEM FENGING REYKJAVÍKUR
 ÍSAMFARI VIÐ AKAÐIÐ 24. GR. SKIPULAGS- OG BYGGINGA-
 FR. 75/1997 VÁR SAMÞYKKT 1. APRÍL 1997.
 HAN 1. ÚT. 1. 200. 2

BRÉTTINGIN VAF PAKI GRINDGARÐYNTI SAM BEM H
 PAKI LAGSAMUNI ANNAÐA EN ULGAJÓRÐI OG REYKJAVÍKUR
 AÐALSKIPULAGI REYKJAVÍKUR 2001-2024

